Nd. **80. Frumvarp til laga**

um starfsmenn ríkisins og laun þeirra.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Starfsmaður ríkisins telst hver sá, sem ráðinn er í þjónustu þess samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir starfsmenn ríkisins, sem tilgreindir eru í lögum þessum, skulu taka laun samkvæmt fyrirmælum þeirra. Þó skal þeim starfsmönnum, sem sam-

kvæmt eldri lögum hafa konunglega veitingu fyrir starfa sínum, gefinn kostur á að taka laun samkvæmt eldri lögum, en eigi nær það nema til fastra launa, og eigi til annara uppbóta en aldursuppbóta. Starfsmaður, sem á eftirlaunarétt samkvæmt eldri lögum, heldur eftirlaunaréttinum, en ekki nær sá réttur til viðbótar þeirrar, sem hann kann að njóta eftir þessum lögum. Greiða skal hann gjald í lífeyrissjóð eða tryggingarsjóð starfsmanna ríkisins af viðbót þeirri við laun sín, er hann kann að fá eftir þessum lögum, enda fær hann greiddan lífeyri af þeirri upphæð samkvæmt ákvæðum um lífeyrissjóð. Ef starfsmaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari lagagrein, hefir tryggt ekkju sinni lífé, þarf hann ekki að kaupa nýjan lífeyri, og eftirlaunarétturinn helzt hinn sami og áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar, hvorki á lífé né eftirlaunum ekkju.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skulu allir þeir starfsmenn ríkisins, sem laun taka samkvæmt þeim og launalög hafa eigi áður náð til, öðlast öll réttindi og gangast undir allar skyldur, sem í lögunum er ákveðið, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fyrst fengu veitingu fyrir starfa sínum.

Ef laun þeirra hafa verið lægri en eftir lögum þessum, skulu þeir og fá rétt til lífeyris, svo sem þeir hefðu greitt iðgjald í lífeyrissjóð frá því að þeir tóku við starfanum. En ef launin hafa verið hærri, skulu þeir eigi fá rétt til meiri lífeyris en er samkvæmt greiðslu þeirra til lífeyrissjóðs.

## II. KAFLI

## Um veitingar starfa.

### 3. gr.

Engan má skipa starfsmann ríkisins samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi ríkisborgararétt og tali og riti íslenzka tungu.

### 4. gr.

Þegar laus er starfi, sem ríkið veitir samkvæmt lögum þessum, skal þegar auglýsa hann til umsóknar með minnst mánaðar fyrirvara. Skal starfinn auglýstur bæði í útvarpi og því blaði, sem flytur auglýsingar stjórnarvalda.

Hver umsækjandi hefir rétt til að fá að vita, hverjir aðrir sækja um starfann.

### 5. gr.

Enginn fær skipunarbréf fyrir launuðum starfa í þjónustu ríkisins yngri en 21 árs. Hann skal og hafa sýnt það sem settur starfsmaður eftir lögum þessum minnst eitt ár, að hann sé til starfans hæfur. Meðan hann er settur starfsmaður, fær hann aðeins ¾ þeirra launa, sem ákveðin eru í lögum þessum fyrir starfann. Sá, sem skiptir um starfa í þjónustu ríkisins, skal og vera settur eitt ár í sínum nýja starfa, áður en hann fær skipun fyrir honum, og nýtur hann það ár sömu launa og við sinn fyrri starfa, þó eigi hærri launa en goldin eru við þann starfa, er hann tekur við, og eigi lægri en ¾ þeirra launa. Greiða skal hann lífeyrisgjald af þeim launum, sem honum eru greidd þann

tíma, sem hann er settur. En sá, sem eigi hefir verið í þjónustu ríkisins áður, skal eigi greiða lífeyrisgjald þann tíma, sem hann er settur, en verði honum starfinn veittur, skal honum reiknaður lífeyrir svo sem hann hefði þá greitt lífeyrisgjald af fullum launum.

Hver sá, sem settur hefir verið í starfa eftir lögum þessum, á rétt á að fá veitingu fyrir starfanum um leið og hann byrjar þriðja starfsár sitt, nema hann hafi eigi náð 21 árs aldri eða hafi þegar verið sagt upp starfanum með löglegum fyrirvara og á formlegan hátt. Um leið og hann fær veitingu fyrir starfanum, skal hann fá launabót fyrir þann tíma, sem hann hefir verið settur lengur en eitt ár, svo sem hann hefði verið skipaður ári síðar en hann var settur.

6. gr.

Áður en manni er veittur starfi í þjónustu ríkisins, skal hann ganga undir læknisskoðun.

7. gr.

Yfirmenn hverrar starfsgreinar, svo sem yfirmenn stofnana, dómarar í Hæstarétti, sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar, læknar, kennarar Háskólans, bókaverðir Landsbókasafnsins og starfsmenn í Stjórnarráðinu skulu hafa ráðuneytisveitingu fyrir starfa sínum. Ákvörðun um skipun yfirmanna starfsgreina, dómara í Hæstarétti, sýslumenn, bæjarfógeta, lögreglustjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði skal ætíð tekin á ráðherrafundi, og ræður þar afl atkvæða. En ef hver ráðherra er sér um tillögu, eða atkvæði eru jöfn, skal sá ráða, er fer með þau mál, er starfsmaðurinn vinnur að. Veitingarvald ráðuneytisins er ennfremur þessum takmörkunum bundið:

1. Yfirmenn starfsgreina og stofnana geta þeir einir orðið, sem með áskildu prófi eða viðurkenndri starfhæfni hafa sýnt, að þeir hafa þá þekkingu og leikni, sem krafizt er. Einnig að þeir hafi starfað minnst tvö ár við góðan orðstír við sambærileg störf eða í þeirri starfsgrein, sem væntanlegt valdsvið þeirra nær yfir.
2. Eigi má veita mönnum forstöðu starfsgreina, svo sem síma og póstmála, fræðslumála, læknaskipunar eða annara hliðstæðra starfsgreina gegn skriflegum mótmælum ¾ starfsmanna í hlutaðeigandi starfsgrein.
3. Læknisstarfa veitir heilbrigðismálaráðherra að fengnum tillögum landlæknis. Ef ágreiningur verður milli landlæknis og ráðherra um það, hverjum skuli veittur starfinn, skal málið lagt fyrir ráðherrafund, og ræður þar afl atkvæða um hverjum veita skal (sbr. 1. málsgr. þessarar greinar).
4. Kennara við Háskóla Íslands skipar kennslumálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs. Ef ágreiningur verður milli háskólaráðs og ráðherra um veitinguna, skal málið útkljáð á ráðherrafundi.
5. Skólastjóra skipar kennslumálaráðherra að fengnum tillögum skólanefnda og fræðslumálastjóra. Ef tillögur fræðslumálastjóra og allrar skólanefndar fara saman, er ráðherra skylt að taka þær til greina, en ef ágreiningur er milli þeirra aðila, skal málið útkljáð á ráðherrafundi.

8. gr.

Kennara, alla aðra en skólastjóra og háskólakennara, skipar fræðslumálastjóri í umboði kennslumálaráðherra, að fengnum tillögum skólanefnda og skólastjóra, eða skólastjóra eins, ef engin er skólanefnd. Ef ágreiningur verður milli skólastjóra og meiri hluta skólanefndar um hverjum veita skuli, ræður úrskurður fræðslumálastjóra.

9. gr.

Alla þá starfa, sem lög þessi ná til, aðra en þá, sem um getur í 7. og 8. gr., og prestsembætti, sem sérstök lög eru um, veitir forstjóri viðkomandi starfsgreinar eða stofnunar í samráði við starfsmannadóm (sbr. 57.—61. gr.). Ef ágreiningur verður um veitingu milli forstjórans og starfsmannadómsins, getur starfsmannadómur fyrirskipað samkeppnispróf um starfann, en að öðrum kosti skal ágreiningurinn lagður undir úrskurð hlutaðeigandi ráðherra.

10. gr.

Óheimilt er hverjum, sem veitingarvald hefir samkvæmt lögum þessum, að veita starfa þeim, sem honum er skyldur eða mægður að feðgatali eða er niðji eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Ef ráðherra hefir veitingarvald yfir starfa, er slíkt skyldmenni hans sækir um, skal hann afsala veitingarvaldinu í hendur hinna ráðherranna, og skal þó leita samþykkis starfsmannadóms um veitinguna. En ef forstjóri hefir veitingarvaldið, skal hann afsala því í hendur starfsmannadóms, og skal þó ætíð fá samþykki hlutaðeigandi ráðherra fyrir veitingunni.

11. gr.

Hverjum þeim, sem veittur er starfi eða sýslan, er skylt að rækja starfa sinn með trúmennsku og vinna í hvívetna samkvæmt stjórnskipunarlögum ríkisins.

Hver starfsmaður ríkisins skal, um leið og honum er veittur starfinn, fá skipunarbréf, þar sem teknar eru fram skyldur hans og réttindi.

Í fyrsta sinn, sem manni er veittur starfi í þágu ríkisins, skal hann undirrita drengskaparheit um að gæta starfa síns af trúmennsku.

## III. KAFLI

## Um lausn frá störfum.

12. gr.

Þeir, er hafa veitingarvald yfir starfa, hafa og vald til að veita lausn frá starfanum eða víkja mönnum frá honum.

13. gr.

Enginn fær veitingu fyrir starfa í þjónustu ríkisins lengur en til 65 ára aldurs. En ef starfsmaður heldur heilsu og starfskröftum, er heimilt með sam-

þykki starfsmannadóms að setja hann yfir starfann til eins árs í senn, þar til hann er sjötugur að aldri, en um laun hans skal hlíta ákvæðum 32. gr.

14. gr.

Starfsmaður, sem fær ráðuneytisveitingu fyrir starfa sínum, skal ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti, sbr. þó 19. gr. Ef starfi hans er lagður niður, nýtur hann fullra launa um eitt ár frá uppsagnardegi.

Aðrir starfsmenn ríkisins, sem ráðnir eru samkvæmt lögum þessum, skulu ráðnir með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti, sbr. þó 19. gr. Þeir hafa og rétt til þriggja mánaða launa, ef starfi þeirra verður lagður niður.

Ef starfi í ríkisþjónustu er lagður niður og tekinn upp að nýju, áður en tvö ár eru liðin, skal þeim, er áður hafði starfann, gefinn kostur á að gegna honum. Að honum frágengnum skal starfinn auglýstur á venjulegan hátt.

15. gr.

Ef starfsmaður ríkisins vanrækir starfa sinn sökum annara sýslana eða af öðrum þeim ástæðum, sem ekki verða taldar lögleg forföll, eða hegðar sér á þann hátt, að ekki er samboðið stöðu hans, skal honum vikið frá um stundarsakir og mál hans rannsakað. Ef ekki verður ráðin bót á misfellunum, skal honum vikið frá fyrir fullt og allt. Ef yfirmaður fær vitneskju um augljósa vanrækslu eða ósæmilega hegðun undirmanns síns og lætur óátalið, hefir hann gerzt undirmanni sínum samsekur.

16. gr.

Ef starfsmaður ríkisins er ákærður eða grunaður um glæp eða um verk, sem ósamrýmanleg eru stöðu hans, skal víkja honum úr starfa um stundarsakir, þar til mál hans er útkljáð.

Meðan frávikning samkvæmt 15. og 16. gr. stendur yfir, fær starfsmaðurinn helming fastra launa sinna. Ef hann verður algerlega sýknaður, tekur hann við starfa sínum aftur og fær þá greiddan hinn helming launanna.

17. gr.

Starfsmanni ríkisins, sem verður gjaldþrota og hefir með höndum fjárgeymslu eða innheimtu fyrir ríkið, skal víkja frá starfa, meðan þrotabúsmeðferðin stendur yfir, og að fullu, ef yfirmanni þeim, er veitingarvaldið hefir, þykir ástæða til. Laun verða engin greidd, þegar svo stendur á sem segir í þessari grein.

18. gr.

Ef fjármálaráðherra vill láta rannsaka fjárreiður starfsmanns, sem hefir sjálfstæða fjárgeymslu eða innheimtu fyrir ríkissjóð, er honum heimilt að víkja starfsmanninum frá allt að þriggja mánaða tíma og setja annan til að gegna starfanum, meðan rannsókn fer fram. Laun sín skal starfsmaður hafa óskert, meðan á slíkri rannsókn stendur.

19. gr.

Hver sá, sem leystur er frá starfa án þess að hann hafi um það beðið, hefir rétt til að fá skriflega greinargerð fyrir ástæðum þeim, er til frávikningar hans hafa legið. Reynist þær ástæður ekki réttmætar fyrir dómi, á hann fullkominn rétt á að taka aftur við starfanum eða fá þær bætur, sem því jafngilda.

## IV. KAFLI

### Um aukastörf.

20. gr.

Engum er heimilt að gegna launuðu aukastarfi fyrir ríkið, nema að fenginni skriflegri heimild þess ráðuneytis, sem yfir starfa hans ræður, og skal sú heimild aldrei gilda lengur en til eins árs í senn. Þó skal starfsmönnum ríkisins, öllum öðrum en dómurum hæstaréttar, heimilt að eiga sæti á Alþingi og taka laun fyrir, enda sjái þeir fyrir því að starfinn sé fullkomlega ræktur á meðan, og ber hinn skipaði starfsmaður kostnað, er af því leiðir.

21. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins, án sérstaks endurgjalds, að undirbúa frumvörp, gera áætlanir, tillögur og uppdrætti í sinni starfsgrein, ef þeim er það falið af ríkisstjórninni, en krafizt geta þeir að fá endurgreiddan framlagðan kostnað og aðstoð við verkið.

Ef hér er um svo mikið starf að ræða, að þeir þurfi þess vegna að kaupa aðstoð við sitt aðalstarf, skulu þeir fá þann kostnað endurgreiddan.

22. gr.

Ef starfsmaður ríkisins tekur að sér að gegna einnig öðrum starfa í þágu ríkisins, ber honum fyrir það ½ launin við þann starfa. Starfinn skal þó auglýstur sem hver annar laus starfi, sem ríkið veitir, minnst tvisvar á ári, og skal hann veittur svo fljótt sem fær maður fæst til að takast hann á hendur. Frá þessu ákvæði skal þó vera undanþága um prófessorsstarf við háskólann, sem rækt er jafnframt yfirlæknisstarfi við Landsspítalann eða forstöðu rannsóknarstofu.

23. gr.

Hverjum starfsmanni ríkisins er skylt að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust öðrum starfa en sjálfs hans í sömu starfsgrein. Ef hann verður af þeirri sök að láta af að gegna sínum eigin starfa, má veita honum full laun fyrir þann starfa, er hann tekur við, auk ferðakostnaðar, ef til kemur, en sleppa verður hann þá tilkalli til launanna fyrir sinn fyrri starfa.

24. gr.

Enginn starfsmaður ríkisins má reka sjálfstæða atvinnu eða gegna launuðu aukastarfi við einkafyrirtæki, sem veldur honum erfiðleikum að anna starfa sín-

um með fullkominni skyldurækni, eða aukastarfi, sem ekki getur samrýmzt þeirri virðingu og því trausti, sem maður í hans stöðu verður að njóta.

Skylt er starfsmanni að senda skriflega umsókn til þess yfirmanns, sem fer með veitingarvald stöðu hans, áður en hann má:

a. stofna atvinnufyrirtæki,
b. taka við launuðum starfa af öðrum en ríkinu,
c. taka sæti í stjórn atvinnu- eða fjáraflafyrirtækis.

Ef yfirmaður, sem slíka umsókn fær, telur, að þar sé um að ræða starfrækslu, sem brjóti í bága við ákvæði þessarar greinar, skal hann tilkynna hlutaðeigandi starfsmanni, áður en fjórar vikur eru liðnar, að honum sé bannað að taka að sér starfið. Ef slíkt bann er lagt af öðrum en ráðherra, má starfsmaður skjóta málinu undir fullnaðarúrskurð ráðuneytisins.

Ef í ljós kemur, eftir að starfsmaður hefir byrjað aukastarfið, að þær ástæður, sem farið var eftir, breytast til muna, eða hafa verið aðrar en umsókn hans bar með sér, og slíkar, að honum hefði ekki verið leyft að taka starfið að sér, ef þær hefðu verið kunnar, þá getur yfirmaðurinn, hvenær sem er, skipað starfsmanni að láta af aukastarfinu eða hætta aðalstarfinu að öðrum kosti.

## V. KAFLI

## Um skyldur starfsmanna.

### 25. gr.

Skylt er hverjum starfsmanni að hlýða hverskonar fyrirskipunum yfirmanna sinna um starf sitt. Ef starfsmaður telur fyrirskipanirnar óréttmætar eða gagnstæðar starfsreglum, getur hann skotið máli sínu undir úrskurð forstjóra starfsgreinar sinnar eða til ráðherra, ef um er að ræða fyrirskipanir forstjóra starfsgreinar.

Ef starfsmaður óhlýðnast yfirmanni sínum, getur yfirmaðurinn vikið honum frá starfa, og fer um það mál eftir 15. gr.

### 26. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að láta sér lynda breytingar á störfum hans, þó ekki sé neitt áskilið um það í skipunarbréfi. Hann verður einnig að láta sér lynda að flytjast til annars staðar, þó svo að hann missi einskis í um tekjur af starfanum og greiddur sé allur kostnaður af flutningi hans. Honum skal þó gefinn kostur á að segja upp starfa sínum fyrirvaralaust og halda rétti sínum til lífeyris, ef hann kýs það heldur en flutninginn. Starfsmanni, sem hefir fatlazt eða orðið vanburða, er skylt að taka við öðrum starfa, sem samsvarar starfshæfni hans.

### 27. gr.

Við starfsmannaskipti skal fráfarandi starfsmaður, umboðsmaður hans eða einhver honum nákominn skila starfanum í hendur viðtakanda og undir umsjón síns næsta yfirmanns, nema forstjóri starfsgreinar mæli öðruvísi fyrir. Sama gildir, ef breytingar verða á störfum vegna nýrrar starfsskiptingar.

28. gr.

Starfsmaður, sem lagt er til húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum og leigjendur almennt.

Ef starfsmanni er fengin ábýlisjörð til afnota, fer um meðferð og skil á henni eftir ábúðarlögum.

29. gr.

Öllum þeim starfsmönnum, sem árlega taka fé úr ríkissjóði til endurgjalds kostnaði við starfann, skal skylt að senda stjórnarráðinu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs, og skal sú skýrsla komin í hendur stjórnarráðsins fyrir lok febrúarmánaðar.

## VI. KAFLI

### Um greiðslu launa.

30. gr.

Árslaun starfsmanna ríkisins skulu greidd með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega og fyrirfram við byrjun mánaðarins. Endurgreiðsla á sér ekki stað, þótt maður láti af starfa, af hvaða ástæðum sem er, áður en sá mánuður er liðinn, sem greiðslan á við. Öll ný starfslaun og biðlaun og greiðsla lífeyris byrja með fyrsta degi hins næsta mánaðar eftir að starfi hefir verið veittur eða gefin lausn frá starfa, nema fram sé tekið, að launin skuli greiða frá öðrum degi.

31. gr.

Allar íbúðir starfsmanna ríkisins í húsum, sem eru ríkiseign, og öll hlunnindi, sem þeir njóta af jörðum og jarðnæði, er ríkið á, skulu metin af fjármálaráðuneytinu til ársleigu og leigan dregin frá við greiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanns að $\frac{1}{12}$ mánaðarlega. Leigumatið skal endurskoðað á 5 ára fresti. Ársleiga íbúða má þó ekki vera meiri en 18% af launum, ef um fjölskyldumann er að ræða, og eigi meira en 12% af launum einhleypra. Er ríkið leggur starfsmanni til ljós og hita, skal það metið sérstaklega.

32. gr.

Ef sá, sem biðlaun hefir, eftirlaun eða lífeyri, er settur í starfa í þjónustu ríkisins, skulu honum eigi greidd biðlaun, eftirlaun eða lífeyrir, meðan hann gegnir starfanum, enda séu honum greidd full laun við starfann.

## VII. KAFLI

### Um daglegan starfstíma og aukavinnu.

33. gr.

Í öllum skrifstofum ríkisins og við afgreiðslu á pósthúsum og við síma skal reglulegur starfstími vera frá kl. 9 f. h. til kl. 6 e. h., og sé af þeim tíma

ætluð 1½ klst. til mötunar og hvíldar. Viðtals- og afgreiðslutími skal eigi vera skemmri en 5 klst. hvern virkan dag.

Giftum konum, sem vinna á skrifstofum, má veita undanþágu þannig, að þær vinni skemur, allt niður í 4 klst., enda séu þá laun þeirra lækkuð í hlutfalli við vinnutíma, en lífeyrisgjald og réttur til lífeyris helzt óbreytt.

Ef nauðsyn ber til, að sumt af starfsmönnunum vinni á öðrum tíma dags en að ofan segir, er þeim skylt að sæta þeim kostum, enda sé daglegur vinnutími þeirra jafnlangur.

Daglegur starfstími tollþjóna og afgreiðslumanna, annara en símamanna og póstmanna, skal vera 8 klst. Þegar afgreiðslumenn vinna lengur en lögskilinn vinnutíma, skal það reiknað sem aukavinna.

34. gr.

Rektor við menntaskóla skal hafa 10 klst. kennsluskyldu á viku, skólastjóri Kennaraskólans 12 klst. kennsluskyldu, skólastjórar við aðra skóla, nema barnaskóla, 12—18 klst. kennsluskyldu, eftir stærð skólanna og starfi við stjórn þeirra. Fastir kennarar allra annara skóla en barnaskóla skulu hafa 30 klst. kennsluskyldu á viku fram til 55 ára aldurs, en 24 klst. kennsluskyldu eftir þann aldur. Þegar kennarinn hefir kennslu í íslenzku eða öðru því máli, sem krefur stílagerðar, skal koma til frádráttar kennsluskyldunni 1 klst. í viku fyrir hverja 10 stíla.

Kennsluskylda barnakennara er 36 klst. í viku fram til 55 ára aldurs, en 30 klst. þar eftir. En fræðslumálastjórn skal ákveða í hverjum skóla til 4 ára í senn frádrátt frá kennsluskyldu fyrir skólastjórn og heimilisstjórn.

35. gr.

Skylt er starfsmönnum að mæta stundvíslega til starfs síns, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Skal hverjum skrifstofustjóra og verkstjóra skylt að færa dagbók yfir, hvernig starfsmenn þeir, sem hann ræður yfir, mæta til vinnu sinnar. Ef hann ræður yfir fleiri starfsmönnum en 5, getur hann gert kröfu til, að stimpilklukka sé á skrifstofunni eða vinnustofunni.

Við lok hvers mánaðar skal athugað, hvað vantar á vinnutíma starfsmanns vegna óstundvísi, og skal honum þá dæmd aukavinna allt að tvöföldum þeim tíma, er nemur óstundvísi hans, eða dregið af launum hans sem því nemur.

Ef um mikla og varanlega óstundvísi er að ræða, skal með það farið samkvæmt 15. gr.

36. gr.

Stofnanir ríkisins geta krafizt yfirvinnu af starfsmönnum sínum, þegar nauðsyn ber til. Fyrir yfirvinnu skal hverjum starfsmanni goldið 125% launa sinna og skal miðað við, að hann vinni 2400 klst. á ári. Yfirvinnu má því aðeins láta fara fram, að ekki verði hjá komizt. Forstjórum er ekki heimilt að telja sér eða taka greiðslu fyrir yfirvinnu.

## VIII. KAFLI

### Um orlof og forföll.

37. gr.

Ef starfsmaður af sérstökum ástæðum óskar að ganga úr þjónustu ríkisins um stundarsakir, skal hann með nægum fyrirvara senda skriflega umsókn um það til næsta yfirmanns síns, skýra frá ástæðum og gefa aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Yfirmaður hans sendir síðan umsóknina ásamt umsögn sinni til forstjóra starfsgreinarinnar, eða ráðherra, ef ekki er annar forstjóri starfsgreinar, sem getur veitt leyfið, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Skylt er þeim, sem leyfið fær, að útvega í sinn stað mann, sem yfirmaður tekur gildan, nema sérstaklega verði um annað samið.

38. gr.

Ef ekki er öðruvísi fram tekið annarsstaðar í lögum þessum eða í skipunarbréfi starfsmanns, skulu starfsmenn ríkisins eiga rétt til tveggja vikna orlofs á ári 5 fyrstu árin, sem þeir eru starfsmenn ríkisins eftir lögum þessum, þriggja vikna orlofs næstu 5 árin, en mánaðarorlofs, er þeir hafa verið starfsmenn ríkisins í 10 ár.

39. gr.

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim ástæðum ekki stundað vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum, sem þá getur úrskurðað, hvort læknisvottorð skuli heimtað.

Veikindadagar hvers einstaks starfsmanns skulu taldir og skráðir af hlutaðeigandi yfirmanni, og skal það tilkynnt forstjóra starfsgreinar ársfjórðungslega, hve margir þeir eru. Hver starfsmaður á rétt til óskertra launa, meðan veikindadagar hans fara ekki fram úr 30 á ári, og til hálfra launa fyrir þá veikindadaga, sem þar eru yfir, allt að 60 dögum. Er hann (eða hún) hefir verið starfsmaður ríkisins í 5 ár, eykst rétturinn til fullra launa úr 30 dögum í 60 daga og rétturinn til hálfra launa úr 60 dögum í 120 daga. Eftir 10 ára þjónustu lengist sá tími úr 60 dögum í 90 daga og úr 120 dögum í 180 daga. Eftir 15 ára þjónustu lengist tíminn úr 90 dögum í 120 daga og úr 180 í 240 daga. Eftir 20 ára þjónustu lengist tíminn úr 120 í 180 og úr 240 í 360 daga. Rétti til starfans heldur starfsmaður þrátt fyrir veikindaforföll allt að einu ári.

40. gr.

Konur, sem eru starfsmenn hjá ríkinu, eiga eftir barnsfæðingu rétt til eins mánaðar fjarveru frá starfi með fullum launum. Ef heilsa sængurkonu leyfir ekki, að hún byrji starf sitt að þeim tíma liðnum, getur hún að fengnu vottorði, sem stofnunin, sem hún vinnur við, tekur gilt, haldið hálfum launum enn í tvo mánuði. Frí frá starfi getur hún einnig fengið allt að þremur mánuðum fyrir barnsfæðingu, og reiknast henni þá hálf laun fyrir síðustu sex vikurnar af þeim tíma. Að öðru leyti gilda um forföll starfskvenna ákvæði 37. greinar.

## IX. KAFLI

### Um framfærslusjóð.

41. gr.

Stofna skal sjóð, til að létta starfsmönnum ríkisins framfærslu barna sinna. Sjóðurinn stendur undir umsjón fjármálaráðuneytisins, er annast reikningshald hans. Ríkissjóður leggur fram sem stofnfé til sjóðsins 100 þúsund krónur.

42. gr.

Hverjum starfsmanni ríkisins er skylt að greiða í framfærslusjóð 8% af launatekjum sínum. Skal því haldið eftir við greiðslu launa.

43. gr.

Hverjum starfsmanni, sem á börn og tekur laun samkvæmt lögum þessum, skal greitt með hverju barni, sem honum (eða henni) er skylt að hafa á framfæri sínu og ekki hefir náð 14 ára aldri. Styrkur þessi skal einnig greiddur eftir lát framfærandans. Styrkurinn skal ákvarðaður árlega eftir tekjum sjóðsins, en framlagið skal vera jafnmikið fyrir öll börn, hvar á landinu sem er, og hvort sem tekjur framfærandans eru litlar eða miklar. Framfærslustyrkurinn skal greiddur um leið og síðasta greiðsla árslaunanna fer fram.

44. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglugerð fyrir sjóðinn, þar sem nákvæmar er ákveðið um skipulag hans og stjórn.

45. gr.

Ákvæði 40.—43. greinar falla úr gildi, ef stofnaður verður framfærslusjóður fyrir alla þegna ríkisins, enda skal sá sjóður taka við öllum eignum og skyldum framfærslusjóðs starfsmanna ríkisins.

## X. KAFLI

### Um lífeyrissjóð.

46. gr.

Allir starfsmenn, sem lög þessi ná til, skulu tryggja sér lífeyri, er þeir láta af störfum sakir aldurs og vanheilsu, svo og lífeyri ekkjum sínum. Lífeyririnn skal ávaxtaður í sjóði, sem heitir lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Skulu þeir, sem tryggja sér þannig lífeyri, verja til þess 7% af launum sínum, og er þeim hundraðshluta haldið eftir við greiðslu launa þeirra.

Lífeyrissjóðurinn stendur undir umsjón fjármálaráðuneytisins, er annast reikningshald hans.

47. gr.

Ríkisstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn lífeyrissjóðs og skipulag og gefur, ef þurfa þykir, nánari fyrirmæli um, hverjir skuli tryggja sig í sjóðnum.

## 48. gr.

Þegar starfsmaður lætur af starfa sökum aldurs eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27% af launum þeim samanlögðum, sem hann hefir greitt iðgjald af í sjóðinn, þó aldrei meira en ¾ þeirra launa. sem hann hefði haft með því að halda starfa sínum áfram. Starfsmanni, sem fatlast, þá er hann er að leysa af hendi skyldustarf sitt í þjónustu ríkisins, ber fullkominn lífeyrir, ¾ starfslauna sinna, án tillits til aldurs eða þjónustutíma, nema hann geti tekið við öðrum starfa samkvæmt 26. gr.

## 49. gr.

Ef starfi er felldur niður, og starfsmaður fær ekki annan starfa í þjónustu ríkisins, skal hann eiga rétt á að fá endurgreitt úr lífeyrissjóði vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum, þar til hann er 65 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 48. gr. og ekkja hans samkv. 50. gr.

## 50. gr.

Ekkja eftir starfsmann, sem hafði rétt til lífeyris eða naut lífeyris, er hann lézt, fær lífeyri úr lífeyrissjóði með undantekningum þeim, sem segir í 52., 53. og 56. gr. Lífeyrir ekkju nemur 3/10 af föstum launum manns hennar, er hann lézt eða lét af starfa.

## 51. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 hinn fyrsta dag hvers mánaðar.

## 52. gr.

Ekkja starfsmanns öðlast ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, ef hún hefir gifzt eldri manni en 65 ára eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá starfa með lífeyri, eða ef hjónabandinu var algerlega slitið, áður en maðurinn dó.

## 53. gr.

Réttur ekkju til lífeyris fellur burt:

1. ef hún giftist að nýju,
2. ef hún tekur sér bústað utan ríkis, án samþykkis stjórnar lífeyrissjóðs,
3. ef hún hirðir ekki lífeyri í 10 ár samfleytt án þess að sanna lögleg forföll.

Ef ekkja missir lífeyri, af því að hún hefir gifzt að nýju, á hún rétt á að fá lífeyrinn aftur, er hún verður ekkja í annað sinn, nema hún hafi öðlazt rétt til nýs lífeyris við síðari giftinguna.

## 54. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir starfa í þjónustu ríkisins, hefir sama rétt til lífeyris sem ekkja starfsmanns og með sömu takmörkunum.

## 55. gr.

Starfsmaður, sem er 55 ára eða eldri, þegar lög þessi ganga í gildi, og ekki á rétt til eftirlauna eða lífeyris samkvæmt eldri lögum, skal eiga frjálst val um,

hvort hann greiðir lífeyrisgjald og nýtur lífeyris, eða hann greiðir eigi lífeyrisgjaldið og nýtur þá eigi heldur lífeyris eftir lögum þessum. Sama val skulu og þeir eiga, er fyrst verða starfsmenn ríkisins eftir 55 ára aldur, eftir að lög þessi eru gengin í gildi.

56. gr.

Starfsmenn, sem öðlazt hafa rétt til eftirlauna og lífeyris eftir tilskipun 31. maí 1855, lögum nr. 4 4. marz 1904, og 7. gr. laga nr. 51 27. júní 1921, halda þeim rétti, enda greiði þeir lífeyrisgjald eftir fyrirmælum 7. gr. laga nr. 51 27. júní 1921.

Þeir, sem hafa tryggt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 73 28. nóv. 1919, greiða aðeins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra ekki neins úr sjóðnum.

## XI. KAFLI

## Um starfsmannadóm.

57. gr.

Starfsmannadómur skal skipaður þrem mönnum. Formaður dómsins er skipaður af fjármálaráðherra og skal hann jafnframt vera starfsmaður í fjármálaráðuneytinu og hafa með höndum endurskoðun á öllu starfsmannahaldi ríkisins, launagreiðslum til starfsmanna þess og fjárreiðum ríkisstofnana. Annar maður í dómnum skal vera fulltrúi fyrir þá stjórnardeild, sem mál það heyrir undir, sem tekið er til meðferðar í hvert skipti, kvaddur til þess af hlutaðeigandi ráðherra. Ef um mál er að ræða, sem undir fjármálaráðuneytið heyrir, skal sá fulltrúi tilkvaddur af öllu ráðuneytinu. Þriðji maður í dómnum er forstjóri þeirrar stofnunar, sem um ræðir í hvert skipti. Auk þess á sæti með starfsmannadómi fjórði maður, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag æskir þess. Er hann þá fulltrúi starfsmannafélagsins, hefir ekki atkvæðisrétt, en ber fram tillögur um þau efni, er dómurinn tekur til meðferðar, áður en þau koma til atkvæða.

58. gr.

Verkefni starfsmannadóms er:

1. Að ráða starfsmenn ásamt með forstjórum starfsgreina og stofnana samkvæmt 9. gr.
2. Að leggja úrskurð á, hvort starfi er nauðsynlegur, sem forstjóri starfsgreinar eða stofnunar vill að upp verði tekinn.
3. Að gera tillögur um fækkun starfsmanna og bætta skipun á starfsmannahaldi ríkisins, eftir því sem hentar á hverjum tíma.
4. Að fella úrskurði þegar starfsmenn eru kærðir fyrir vanrækslu eða ódugnað í starfa.

59. gr.

Starfsmannadómur er því aðeins úrskurðarfær, að öllum dómendum hafi verið tilkynntur fundur með nægilegum fyrirvara, og að minnst tveir þeirra sæki

fund og gjaldi atkvæði um úrskurðinn. Ef ekki kemst á fundur við lögmæta fundarboðun, skal boða til annars fundar á sama hátt. Ef eigi kemst enn á lögmætur fundur, telst starfsmannadómur hafa afsalað sér úrskurðarvaldi í hlutaðeigandi máli, og skal þá forstjóri starfsgreinarinnar eða stofnunarinnar, er í hlut á, eiga um það óskorað úrskurðarvald.

60. gr.

Úrskurðum starfsmannadóms má skjóta til ráðuneytisins, en þeim verður ekki breytt, nema með samþykki allra ráðherranna.

61. gr.

Um starfshögun starfsmannadóms skal nánar ákveðið í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

## XII. KAFLI

## Um verðstuðul.

62. gr.

Hagstofa Íslands skal rannsaka verðlag á höfuð-lífsnauðsynjum, svo sem húsnæði, fatnaði, matvöru, eldsneyti og ljósmeti, um land allt á árinu 1933 og reikna út vísitölu miðaða við það ár, og er sveitar- og bæjarfélögum skylt að sjá hagstofunni fyrir nauðsynlegum upplýsingum í þessu skyni. Skal með reglugerð, er stjórnarráðið gefur út, nánar ákveðið, eftir hvaða reglum verðlag skal rannsakað og vísitala reiknuð. Skal samskonar rannsókn á verðlagi fara fram á ári hverju. Þegar vísitala sýnir 5 stiga lækkun eða hækkun eða meir frá verðlagi ársins 1933, skal draga af launum starfsmanna eða greiða þeim launauppbót, eftir því sem vísitalan sýnir í hvert sinn.

## XIII. KAFLI

## Launaákvæði.

63. gr.

Ráðherrar, starfsmenn stjórnarráðsins, ríkissjóðs og ríkisbókhalds hafa að árslaunum:

Ráðherrar 11000 kr. og forsætisráðherra auk þess ókeypis húsnæði, ljós og hita, svo og risnufé, sem ákveðið er á fjárlögum.

Skrifstofustjórar (3) 8000 kr.

Aðalendurskoðandi ríkisins (1) og fulltrúi í stjórnardeild utanríkismála (1) 7200 kr.

Fulltrúar 1. stigs (3) 6600 kr. og fulltrúar 2. stigs (3) 5400 kr.

Ritarar 1. stigs (3) 4800 kr. og ritarar 2. stigs (3) 4200 kr.

Vélritarar (4) 1800—2400 kr.

Húsverðir í Stjórnarráðinu og í Arnarhváli (2) 4200 kr. Þeir sjá um ræstingu í þessum byggingum, er greiðist fyrir eftir samningi.

Sendill (1) 2400 kr.

Ríkisféhirðir og ríkisbókari 6600 kr. og ríkisféhirðir auk þess 600 kr. á ári í talningarfé.

Fulltrúar ríkisféhirðis (1) og ríkisbókara (1) 4800 kr.

Ritari ríkisféhirðis (1) 3600 kr.

Vélritari ríkisféhirðis (1) 1800—2400 kr.

Eftirlitsmaður banka og sparisjóða (1) og eftirlitsmaður með starfsmannahaldi ríkisins 7200 kr.

64. gr.

Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hefir að launum 11000 kr. á ári og auk þess ókeypis bústað, ljós og hita. Ennfremur risnufé, sem ákveðið er á fjárlögum.

Fulltrúi sendiherrans (1) hefir að launum 6600 kr. á ári.

Vélritari sendiherrans (1) hefir að launum 1800—2400 kr. á ári.

65. gr.

Skrifstofustjóri Alþingis (1) hefir að launum 7500 kr. á ári.

Fulltrúi skrifstofustjóra Alþingis (1) hefir að launum 6000 kr. á ári.

66. gr.

Dómstjóri Hæstaréttar (1) hefir að launum 10000 kr. á ári.

Dómarar í Hæstarétti (2) hafa að launum 8000 kr. á ári.

Ritari Hæstaréttar (1) hefir að launum 6600 kr. á ári.

67. gr.

Starfsmenn lögreglustjórnar í Reykjavík hafa að árslaunum:

Lögreglustjóri 8000 kr.

1. fulltrúi (1) 6600 kr.

2. fulltrúi (1) 6000 kr.

Endurskoðandi (1) 6000 kr.

Bókari og gjaldkeri (1) 4800 kr.

Ritari (1) 4200 kr.

Vélritarar (2) 1800—2400 kr.

68. gr.

Starfsmenn dómgæzlu í Reykjavík hafa að árslaunum:

Lögmaður 8000 kr.

1. fulltrúi (1) 6600 kr.

2. fulltrúi (1) 6000 kr.

Gjaldkeri (1) 4800 kr.

Ritari (1) 4200 kr.

Vélritari (1) 1800—2400 kr.

69. gr.

Starfsmenn tollstjórnarinnar hafa að árslaunum:

Tollstjóri ríkisins, sem jafnframt er tollstjóri í Reykjavík, 8000 kr.

Fulltrúi (1) 6000 kr.
Aðalbókari (1) 6000 kr.
Gjaldkeri (1) 5400 kr.
Ritarar 1. stigs (6) 4200 kr.
Ritarar 2. stigs og innheimtumenn (5) 3600 kr.
Yfir-tollvörður í Reykjavík (1) 6600 kr.
Tollverðir í Reykjavík (10) 4200 kr.
Tollgæzlumenn utan Reykjavíkur (2) 6600 kr.

70. gr.

Sýslumenn hafa að árslaunum, sbr. þó 100. gr.:

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar umdæmi (1), í Ísafjarðarsýslna, Ísafjarðarkaupstaðar og Vestur-Barðastrandar umdæmi (1), í Eyjafjarðarsýslu, Akureyrar og Siglufjarðar umdæmi (1), í Vestmannaeyjasýslu (1), og í Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu umdæmi (1) 8000 kr.

Í Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu umdæmi (1), í Suður-Múlasýslu, Neskaupstaðar og Austur-Skaftafellssýslu umdæmi (1) 7500 kr.

Í Seyðisfjarðar og Norður-Múlasýslu umdæmi (1), í Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu umdæmi (1), í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu umdæmi (1), í Þingeyjarsýslu (1) 7200 kr.

71. gr.

Eftirfarandi löggæzlu- og eftirlitsmenn hafa að árslaunum:
Skipaskoðunarstjóri ríkisins (1) 6600 kr.
Vélritari skipaskoðunarstjóra (1) 1800—2400 kr.
Löggildingarmaður mælitækja (1) 5400 kr.

Eftirlitsmaður bifreiða, sem jafnframt skal vera bifreiðarstjóri ráðherra, (1) 5400 kr. Ráða má hann menn sér til aðstoðar, þegar aðal bifreiðaskoðun fer fram, og ef óhjákvæmilegt þykir á öðrum tímum, gegn þóknun, er stjórnarráðið fellst á.

Rafmagnseftirlitsmaður (1) 5400 kr.
Löggæzlumaður á vegum (1) 5400 kr.
Eftirlitsmaður á Þingvöllum (1) 4200 kr.
Fangavörðurinn í Reykjavík (1) 4800 kr.
Forstöðumaður vinnuhælisins á Litla-Hrauni (1) 5400 kr.

72. gr.

Starfsmenn á varðskipum ríkisins hafa að árslaunum:
Skipstjórar (3) 7200 kr.
1. vélstjóri (2) 6000 kr. og (1) 5400 kr.
2. vélstjóri (2) 4800 kr. og (1) 4200 kr.
3. vélstjórar (2) 4200 kr.
1. stýrimenn (2) 5400 kr. og (1) 4800 kr.

2. stýrimenn (2) 4200 kr. og (1) 4000 kr.

3. stýrimenn (3) 3600 kr.

Skipstjórar, vélstjórar og stýrimenn hafa auk framantaldra launa ókeypis fæði á skipi sínu og einn fatnað hver á ári.

Loftskeytamenn á varðskipum ríkisins (3) hafa að launum 4000 kr. hver á ári, og auk þess fæði á skipi sínu.

73. gr.

Starfsmenn heilbrigðisstjórnar og ríkisspítala hafa að árslaunum:

Landlæknir 8000 kr.

Yfirlæknar Landsspítalans, í lyfjadeild (1), handlækningadeild (1), Röntgendeild (1) 7200 kr. Skylt er þeim að gegna prófessorsstarfi við háskólann, og hafi hver þeirra fyrir það ½ prófessorslaun.

Yfirlæknir Landsspítalans í kynsjúkdómadeild og holdsveikisdeild (1) 7200 kr.

Yfirlæknir á Kleppsspítala (1) og yfirlæknir á Vífilsstaðahæli (1) 7500 kr.

Yfirlæknir á Kristnesheilsuhæli (1) 7200 kr.

Aðstoðarlæknir á Vífilsstaðahæli (1) 6600 kr.

Ráðsmaður og gjaldkeri Landsspítalans (1) 5400 kr.

Ráðsmaður og gjaldkeri á Kleppsspítala og í Laugarnesi (1), gjaldkeri Vífilsstaðahælis (1) og ráðsmaður Kristneshælis (1) 4200 kr.

Yfirljósmóðir á Landsspítalanum (1) 4000 kr.

Yfirhjúkrunarkona á Landsspítala (1), Kleppsspítala (1), Vífilsstöðum (1), Kristnesi (1), Laugarnesi (1), Reykjum í Ölvesi (1) 4000 kr.

Deildarhjúkrunarkonur á Landsspítala (3) 3600 kr.

Hjúkrunarmenn á Kleppsspítala (4) 3600 kr.

Hjúkrunarkonur á Landsspítala (5), á Kleppsspítala (6), Vífilsstaðahæli (6), Kristneshæli (1) og aðstoðarljósmóðir á Landsspítala (1) 3200 kr.

Gerfilima- og umbúðasmiður ríkisins 3500 kr., og sé stjórnarráðinu heimilt að setja taksta um verð á gerfilimum.

74. gr

Héraðslæknirinn í Reykjavík (1) hefir að árslaunum 6000 kr.

Aðrir héraðslæknar hafa að byrjunarlaunum:

Í héruðum Hafnarfjarðar (1), Keflavíkur (1), Eyrarbakka (1), Rangárvalla (1), Vestmannaeyja (1), Akureyrar (1), Svarfdæla (1), Sauðárkróks (1), Blönduóss (1), Miðfjarðar (1), Ísafjarðar (1) 2500 kr.

Í héruðum Grímsness (1), Mýrdals (1), Fáskrúðsfjarðar (1), Reyðarfjarðar (1), Norðfjarðar (1), Hróarstungu (1), Seyðisfjarðar (1), Húsavíkur (1), Siglufjarðar (1), Hofsóss (1), Dala (1), Flateyrar (1), Þingeyrar (1), Patreksfjarðar (1), Hóls (1), Ögurs (1), Stykkishólms (1), Ólafsvíkur (1), Borgarness (1), Borgarfjarðar (1), Skipaskaga (1) 3000 kr.

Í héruðum Síðu (1), Hornafjarðar (1), Berufjarðar (1), Fljótsdals (1), Þistilfjarðar (1), Öxarfjarðar (1), Reykdæla (1), Höfðahverfis (1), Vopnafjarðar (1), Hólmavíkur (1), Reykjarfjarðar (1), Hesteyrar (1), Bildudals (1), Flateyrar (1), Ólafsfjarðar (1) og Reykhóla (1) 3500 kr.

Laun héraðslæknanna allra hækka á fimm ára fresti um 100, 300 og 300 krónur, upp í 3500, 4000 og 4500 krónur á ári.

Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er gildir á hverjum tíma.

75. gr.

Dýralæknar (5) hafa að árslaunum 4200 kr.

Ríkið sér dýralæknum, öðrum en dýralæknum í Reykjavík og á Akureyri, fyrir embættisbústöðum, svo fljótt sem auðið er.

76. gr.

Biskup landsins hefir að árslaunum 8000 kr.

Sóknarprestar þjóðkirkjunnar hafa að árslaunum 6000 kr., sbr. þó 101. gr. Fyrir prófastsstörf skal veita 500 kr. þóknun.

Ríkisstjórninni er skylt að sjá sóknarprestum í sveitum fyrir hæfilegri íbúð.

77. gr.

Starfsmenn Háskólans og annara vísindastofnana hafa að árslaunum:

Háskólaprófessorar í lögfræði (3) 7200 kr. Skylt er þeim að vera varadómarar í Hæstarétti án sérstakra launa.

Háskólaprófessorar í læknisfræði (4) 7200 kr., sbr. þó 73. gr.

Háskólaprófessorar í guðfræði (2) 7200 kr.

Háskólaprófessorar í íslenzkum fræðum (3) 7200 kr. Auk þess hefir hver þeirra 2000 kr. til ritstarfa í sinni fræðigrein.

Háskólaritari (1) 6000 kr.

Landsbókavörður 8000 kr.

1. bókavörður Landsbókasafnsins 6600 kr.

2. bókavörður Landsbókasafnsins 6000 kr.

1. afgreiðslumaður Landsbókasafnsins 3600 kr.

2. afgreiðslumaður Landsbókasafnsins 3200 kr.

Húsvörður Landsbókasafnsins 4200 kr.

Þjóðskjalavörður 7200 kr.

Aðstoðarmaður þjóðskjalavarðar 3600 kr.

Þjóðmenjavörður 7200 kr.

Forstjóri efnarannsóknarstofu ríkisins 7200 kr. Auk þess hefir hann 2000 kr. á ári fyrir að vera starfandi kennari við Háskólann.

Aðstoðarmaður á efnarannsóknarstofu ríkisins 5000 kr.

Forstjóri rannsóknarstofu Háskólans og atvinnuveganna 7200 kr. Skylt er honum að gegna prófessorsstarfi við Háskólann og hafi hann fyrir það ½ prófessorlaun.

Forstjóri veðurstofu ríkisins 7200 kr.

Fulltrúi á veðurstofunni (1) 6000 kr.

Aðstoðarmaður á veðurstofunni (1) 4200 kr.

Loftskeytamenn á veðurstofunni (2) 3600 kr.

78. gr.

Fræðslumálastjóri, skólastjórar og kennarar menntaskóla og sérskóla hafa að árslaunum:

Fræðslumálastjóri 8000 kr. á ári.
Fulltrúi fræðslumálastjóra 5400 kr.
Rektor menntaskólans í Reykjavík 7200 kr.
Kennarar menntaskólans í Reykjavík (10) 6000 kr.
Rektor menntaskólans á Akureyri 7200 kr
Kennarar menntaskólans á Akureyri (8) 6000 kr.
Skólastjóri kennaraskólans í Reykjavík 6600 kr.
Kennarar kennaraskólans í Reykjavík (3) 4800 kr.
Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík 6600 kr.
Kennarar stýrimannaskólans í Reykjavík (2) 4800 kr.
Skólastjóri vélstjóraskólans í Reykjavík 6600 kr.
Kennari vélstjóraskólans í Reykjavík (1) 4800 kr.
Skólastjórar búnaðarskólanna á Hólum og Hvanneyri 6000 kr.
Kennarar búnaðarskólanna (2+2) 4200 kr.

79. gr.

Styrkir úr ríkissjóði til eftirtaldra gagnfræðaskóla og héraðsskóla eru bundnir því skilyrði, að skólastjórar og kennarar þeirra hafi að árslaunum:

Skólastjóri gagnfræðaskóla Reykjavíkur 6600 kr.

Skólastjórar gagnfræðaskólanna í Hafnarfirði (1), á Akureyri (1), Ísafirði (1), Siglufirði (1) og Vestmannaeyjum (1) 5400 kr.

Skólastjóri gagnfræðaskólans í Nesi í Norðfirði (1) 4800 kr.

Skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni (1) 6600 kr.

Skólastjórar héraðsskólanna í Reykholti (1) og á Laugum (1) 6000 kr., á Eiðum (1) 5400 kr.

Skólastjórar héraðsskólanna á Núpi í Dýrafirði (1) og Reykjum í Hrútafirði (1) 4800 kr.

Kennarar gagnfræðaskólanna í Reykjavík (3), Hafnarfirði (1), Akureyri (1), Ísafirði (1), Siglufirði (1) og héraðsskólanna á Laugarvatni (3), í Reykholti (2), á Laugum (2) og á Eiðum (1) 4200 kr.

80. gr.

Skólastjórar og kennarar barnaskóla hafa laun sem hér segir:

Barnakennarar við fasta skóla og kennarar málleysingaskólans í Reykjavík skulu hafa að launum 450 kr. fyrir hvern starfsmánuð, en farkennarar 225 kr. fyrir hvern starfsmánuð, og miðast þessi laun barnakennara þó við, að þeir kenni að minnsta kosti 40 skólaskyldum börnum. Starfsmánuðir barnakennara skulu taldir einum fleiri ár hvert en skóli þeirra stendur.

Skólastjórar barnaskóla og málleysingjaskólans hafa sömu laun og barnakennarar, og auk þess skal þeim reiknaður ½ mánuður til launa fyrir skýrslugerðir og ennfremur launabætur, miðaðar við kennarafjölda í skólum þeirra, eftir þessum reglum: 200 kr. fyrir hvern af 5 fyrstu föstu kennurunum, 100 kr.

fyrir hvern af næstu 5 kennurunum og 50 kr. fyrir hvern kennara þaðan af, allt þar til laun þeirra eru orðin 7000 kr.

Reykjavíkurbæ skal skylt að ábyrgjast barnakennurum sínum 9 mánaða fast starf, annaðhvort við barnafræðslu eða annað, sem kennaranum er fært að leysa af hendi.

Ríkið leggur fram til kennaralauna 70 kr. fyrir hvert barn á skólaskyldualdri, þar sem er fastur skóli, og 45 kr. fyrir hvert barn, þar sem farskóli er.

81. gr.

Starfsmenn á hagstofu, skattstofu og í tryggingarstofnun ríkisins hafa að árslaunum:

Hagstofustjóri 7200 kr.

Fulltrúi á hagstofu (1) 6000 kr.

Ritari 1. stigs á hagstofu (1) 4800 kr.

Ritarar 2. stigs á hagstofu (2) 4200 kr.

Ritari 3. stigs á hagstofu (1) 3600 kr.

Vélritarar á hagstofu (3) 1800—2400 kr.

Skattstjóri 7200 kr., sbr. þó 99. gr.

Fulltrúi á skattstofu (1) 5400 kr.

Endurskoðendur á skattstofu (2) 4800 kr.

Starfsmönnum skattstofunnar er skylt að vinna fyrir ríkisskattanefnd eftir þörfum, þegar því verður við komið frá verkum skattstofunnar.

Ríkisskattanefndamenn (3) 1200 kr.

Forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins 7200 kr.

Fulltrúi í tryggingarstofnun ríkisins (1) 6000 kr.

Gjaldkeri tryggingarstofnunar ríkisins (1) 4800 kr.

Ritarar 1. stigs í tryggingarstofnun ríkisins (2) 4200 kr.

Ritari 2. stigs í tryggingarstofnun ríkisins (1) 3600 kr.

82. gr.

Fiskimálafulltrúi í Suðurlöndum hefir að árslaunum 10000 kr. Greiðir ríkið einn þriðja af þeirri upphæð, Landsbankinn einn þriðja og Útvegsbankinn einn þriðja. Auk þess greiðist kostnaður af embættinu af sömu aðilum í sömu hlutföllum.

Fiskimatsstjóri hefir að launum 7200 kr. á ári.

Fiskimatsmenn (4) hafa að launum 4200 kr. á ári.

Forstjóri Samábyrgðar fiskiskipa hefir að launum 6600 kr. á ári.

Vélritari í Samábyrgð fiskiskipa (1) hefir að launum 1800—2400 kr. á ári.

83. gr.

Starfsmenn vegamálastjórnar, vitamálastjórnar og byggingamálastjórnar ríkisins hafa að árslaunum:

Vegamálastjóri 8000 kr.

1. fulltrúi vegamálastjóra (1) 6600 kr. og 2. fulltrúi vegamálastjóra (1) 6000 kr., enda séu báðir verkfræðingar.

Bókari og gjaldkeri vegamálastjóra (1) 5400 kr.
Vélritarar á vegamálaskrifstofu (2) 1800—2400 kr.
Umsjónarmaður véla hjá vegamálastjóra (1) 4200 kr.
Vitamálastjóri 7500 kr.
Vitaverkfræðingur (1) 6000 kr.
Hafnarverkfræðingur (1) 6000 kr.
Gjaldkeri og bókari vitamálaskrifstofu (1) 4200 kr.
Efnisvörður vitamálastjóra, er jafnframt sé kafari (1), 5000 kr.
Húsameistari ríkisins 7200 kr.
Fulltrúi húsameistara (1) 6000 kr.
Teiknarar á teiknistofu húsameistara (2) 4200 kr.

84. gr.

Starfsmenn síma og pósts hafa að árslaunum:

Síma- og póstmálastjóri 8000 kr.

Símamálafulltrúi 6600 kr. Skylt er honum að sjá um útgáfu símaskrár og skal hann fá fyrir það verk 25% af andvirði auglýsinga í skránni.

Bæjarsímastjóri Reykjavíkur 6600 kr.

Verkfræðingur síma og útvarps 6600 kr.

Ritsímastöðvarstjóri í Reykjavík 6600 kr.

Aðalgjaldkeri Landssímans í Reykjavík (1) 6000 kr. og auk þess talningarfé 600 kr. á ári.

Aðalbókari landssímans í Reykjavík (1) 6000 kr.

Aðalvörður sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík 6000 kr.

Stöðvarstjórar á símastöðvum 1. flokks A utan Reykjavíkur, sem jafnframt eru póstmeistarar (6) 6600 kr.

Loftskeytastöðvarstjórinn í Reykjavík 6000 kr. og stöðvarstjóri í Gufunesi 6000 kr.

Varðstjórar á símastöðvum Reykjavíkur (2), Akureyrar (2), Seyðisfjarðar (2) og stöðvarstjórinn á símastöð Hafnarfjarðar (1) 5400 kr.

Ritari og skjalaþýðari á aðalskrifstofu landssímans (1), endurskoðandi landssímans í Reykjavík (1), fjárheimtumaður símans í Reykjavík (1) og efnisvörður landssímans (1) í Reykjavík 5400 kr.

Bókari landssímans í Reykjavík (1), bókari bæjarsíma Reykjavíkur (1) og vélavörður sjálfvirku stöðvarinnar (1) í Reykjavík 4200 kr.

Verkstjórar bæjarsíma Reykjavíkur (2) 5400 kr.

Forstöðumaður landssímaverkstæðisins 5400 kr.

Símritarar 1. stigs (24) hafa að byrjunarlaunum 3600 kr., en hækki á fjórum árum um 300 kr. í senn upp í 4800 kr.

Varðstjórar við skeytamóttöku langlínustöðva og aðstoðarstúlkur við ritsíma og afgreiðslu (8) hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., er hækki á fjórum árum um 150 kr. í senn upp í 3000 kr.

Bókari á aðalskrifstofu landssímans (1) og næturvörður landssímans í Reykjavík (1) 4200 kr.

Símavirkjar („innlagningamenn“, 6) 4200 kr.
Vélamenn sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík (3) 3600 kr.
Símalagningamenn í Reykjavík (4) 3600 kr.
Umsjónarmenn með skeytasendingu (2) 3200 kr.
Vélritarar 1. stigs (6) 2400—3000 kr.
Vélritarar 2. stigs og símastúlkur (alls 51) hafa að byrjunarlaunum 1800 kr., er hækka eftir eitt ár í 2000 kr. og síðan í fjögur ár um 100 kr. á ári upp í 2400 kr.
Póstmálafulltrúi ríkisins 6600 kr.
Póstmeistarinn í Reykjavík 6600 kr.
Póstfulltrúar í Reykjavík (3) 4800 kr.
Póstritarar og póstafgreiðslumenn í Reykjavík (16) 4200 kr.
Bréfberar pósthússins í Reykjavík (5) 3200 kr. og að auki einn fatnað hver á ári.
Aðstoðarafgreiðslumenn (4) 2400 kr.
Síma- og póstafgreiðslumenn í Borgarnesi (1), Húsavík (1), Nesi í Norðfirði (1), Patreksfirði (1), Sauðárkróki (1), Stykkishólmi (1), Eskifirði (1), Akranesi (1) og Keflavík (1) 6000 kr.
Á Blönduósi (1), Fáskrúðsfirði (1) og Ölfusárbrú (1) 5400 kr.
Á Flateyri í Önundarfirði 4800 kr.
Á Eyrarbakka (1), Þingeyri (1) og Hvammstanga (1) 4200 kr.
Í Vík í Mýrdal (1) 4000 kr.
Á Bíldudal (1) 3800 kr.
Í Bolungavík (1), á Egilsstöðum (1), Hólmavík (1), Ólafsvík (1) og Reyðarfirði (1) 3600 kr.
Í Búðardal (1), á Breiðumýri eða Einarsstöðum (1), Hellissandi (1), Vopnafirði (1) og Þórshöfn (1) 3000 kr.
Á Djúpavogi (1) og Ólafsfirði (1) 2800 kr.
Á Flatey á Breiðafirði (1) og Kópaskeri (1) 2500 kr.
Í Borgarfirði í Norður-Múlasýslu (1), Dalvík (1) og Skagaströnd (1) 2400 kr.
Á Hofsósi (1) og Kirkjubæjarklaustri (1) 2000 kr.
Í Garðsauka (1) 1800 kr.
Á Haganesvík (1), Króksfjarðarhorni (1), Raufarhöfn (1) og Stað í Hrútafirði (1) 1600 kr.
Póstafgreiðslumaður á Suðureyri við Súgandafjörð (1) 1000 kr.
Stöðvarstjórar við landssímastöðvar 1. fl. B og 2. flokks stöðvar aðrar en þær, sem að framan eru taldar, hafa árslaun sem hér segir:

a. Við stöðvar, sem hafa minni tekjur af rekstri en 1000 krónur, 600 kr.
b. Við stöðvar, sem hafa í tekjur 1000 til 1500 krónur, 900 kr.
c. Við stöðvar, sem hafa í tekjur 1500 til 2000 kr., 1200 kr.
d. Við stöðvar, sem hafa í tekjur yfir 2000 kr., 1500 kr.

Með tekjum stöðva 1. fl. B. og 2. flokks skal telja tekjur 3. flokks stöðva, er hafa afgreiðslu á sérstakri línu frá 1. fl. B. eða 2. flokks stöð.
Stöðvarstjórar á þeim stöðvum, sem einkasímar eru tengdir, hafa auk árslauna sinna 15 krónur fyrir hvert númer einkasímanna.

85. gr.

Starfsmenn ríkisútvarps hafa að árslaunum:

Útvarpsráðsmenn (7) 1000 kr. hver og formaður 500 kr. að auki.

Útvarpsstjóri 7500 kr.

Fulltrúi útvarpsstjóra (1) 6000 kr.

Fréttastjóri (1) 6600 kr. Fréttastjóri skal flytja yfirlitserindi um erlenda viðburði að minnsta kosti aðra hverja viku án sérstakrar þóknunar. Aðstoðarfréttamenn skulu annast upptöku frétta frá erlendum útvarpsstöðvum án sérstakrar þóknunar.

Aðstoðarmenn fréttastjóra (2) 4200 kr.

Þulur (1) 3600 kr.

Píanóleikari (1) 4800 kr.

Stöðvarstjóri á Vatnsendahæð 6000 kr.

Forstöðumaður viðgerðarstofu útvarpsins (1) 5400 kr.

Magnaraverðir (2) 4200 kr.

Ritari (1) 3600 kr.

Vélritarar (2) 1800—2400 kr.

86. gr.

Starfsmenn ríkisútgerðarinnar hafa að árslaunum:

Útgerðarstjóri 7500 kr.

Fulltrúi útgerðarstjóra (1) 6000 kr.

Verkstjóri á afgreiðslu (1) 4800 kr.

Aðstoðarmaður verkstjórans (1) 3600 kr.

Bókari (1) og gjaldkeri (1) 4200 kr.

Ritari (1) 4200 kr.

Skipstjórar strandferðaskipanna (2) 8000 kr.

1. vélstjórar (2) 6000 kr.
2. vélstjórar (2) 4800 kr.
3. vélstjórar (2) 4200 kr.

1. stýrimenn (2) 6000 kr.
2. stýrimenn (2) 4800 kr.
3. stýrimenn (2) 4200 kr.

Skipstjórar, vélstjórar og stýrimenn hafa auk framantaldra launa ókeypis fæði á skipi sínu og einn fatnað á ári.

Loftskeytamenn á strandferðaskipum ríkisins (2) 4200 kr., og auk þess fæði á skipi sínu.

87. gr.

Starfsmenn iðnaðarfyrirtækja ríkisins hafa að árslaunum:

Forstjóri prentsmiðju ríkisins 7500 kr.

Bókari og gjaldkeri ríkisprentsmiðju (1) 4800 kr.

Forstjóri vélsmiðju ríkisins 6600 kr.

Bókari og gjaldkeri vélsmiðjunnar (1) 4800 kr.

Ritari vélsmiðjunnar 3600 kr.

Verkstjórar vélsmiðjunnar (2) 5400 kr.
Forstjóri síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði 7500 kr.
Bókari og gjaldkeri síldarverksmiðjunnar (1) 5400 kr.
Aðalverkstjóri síldarverksmiðjunnar (1) 4800 kr.
Verkstjórar síldarverksmiðjunnar (2) 4200 kr.
Formaður stjórnarnefndar síldarverksmiðjunnar 3000 kr. og aðrir stjórnarnefndarmenn (2) 2000 kr.

88. gr.

Starfsmenn einkasölu ríkisins hafa að árslaunum:
Forstjóri 10000 kr.
Fulltrúi og skrifstofustjóri (1) 7200 kr.
Aðalbókari (1) 6000 kr.
Aðalgjaldkeri (1) 6000 kr.
Lyfjafræðingur (1) 5400 kr.
Viðtækjafræðingur (1) 4800 kr.
Ritarar 1. stigs (2) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs (2) 4200 kr.
Vélritarar (4) 1800—2400 kr.
Birgðaverðir (2) 4800 kr.
Aðalafgreiðslumaður (1) 4800 kr.
Aðalsölumaður (1) 4800 kr.
Afgreiðslumenn (3) og aftappari áfengis (1) 4200 kr.
Afgreiðslumenn (2) 3000 kr.
Deildarstjóri áfengisbúðar í Reykjavík (1) 5400 kr.
1. afgreiðslumaður áfengisbúðar í Reykjavík (1) 4800 kr.
2. afgreiðslumaður áfengisbúðar í Reykjavík (1) 3000 kr.
Sendisveinn (1) 1500 kr.

89. gr.

Ríkisstyrkur til Fiskifélags Íslands er bundinn því skilyrði að starfsmenn þess hafi að árslaunum:
Forseti 7200 kr.
Bókari og gjaldkeri (1) 4200 kr.
Fiskifræðingur (1) 5400 kr.
Vélfræðingur (1) 5400 kr.
Vélritari (1) 1800—2400 kr.

90. gr.

Ríkisstyrkur til Búnaðarfélags Íslands er bundinn því skilyrði að starfsmenn þess hafi að árslaunum:
Búnaðarmálastjóri (1) 7200 kr.
Ráðunautar (5) 5400 kr.
Skógræktarstjóri (1) 5400 kr.
Fulltrúi á búnaðarmálaskrifstofu (1) 5200 kr.
Ritari (1) 4200 kr.

1. aðstoðarritari (1) 3600 kr.
Fiskiræktarráðunautur (1) 2400 kr.
Skógarverðir á Vöglum og Hallormsstað (2) 2400 kr.

91. gr.

Bústjórar á búum Kleppsspítala (1), Vífilsstaða (1), Hvanneyrar (1), Hóla (1) hafa að árslaunum 4200 kr. og auk þess ókeypis fæði. Þegar skólastjórar eða kennarar búnaðarskólanna eru jafnframt bústjórar skólabúanna, hafa þeir ½ bústjórnarlaun auk sinna aðallauna.

92. gr.

Starfsmenn Landsbanka Íslands hafa að árslaunum:
Formaður bankaráðs 3200 kr.
Bankaráðsmenn (4) 1600 kr.
Aðalbankastjóri (1) 16000 kr.
Bankastjórar (2) 12000 kr.
Aðalbókari (1) og aðalgjaldkeri (1) 7200 kr.
Aðalendurskoðandi (1) og endurskoðandi útibúa (1) 6600 kr.
Fulltrúar 1. stigs (8) 6600 kr.
Fulltrúar 2. stigs (3) 5400 kr.
Ritarar 1. stigs (11) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs (10) 4200 kr.
Sendimenn („verðir“, 4) 3600 kr.
Sendisveinar (2) 1500 kr.
Vélritarar (17) 1800—2400 kr.
Húsvörður (1) 4200 kr.
Útibússtjórar (4) á Akureyri, Ísafirði, Eskifirði og Selfossi 7500 kr.
Útibússtjóri í Hafnarfirði 6600 kr.
Bókarar útibúa (4) og gjaldkerar (4) 4800 kr.
Ritarar í útibúum (5) 2800 kr.
Vélritarar í útibúum (4) 1800—2400 kr.
Endurskoðendur í útibúum (4) hafa þessi árslaun:
Endurskoðendur (gæzlustjórar) á Ísafirði (1) 2400 kr., Akureyri (1) 2400 kr., á Eskifirði (1) 2000 kr. og á Selfossi (1) 1800 kr.

93. gr.

Starfsmenn Útvegsbanka Íslands h.f. hafa að árslaunum:
Formaður bankaráðs 2000 kr. og aðrir bankaráðsmenn (4) 1000 kr.
Aðalbankastjóri 12000 kr.
Bankastjórar (2) 8000 kr.
Skrifstofustjóri (1), bókari (1) og gjaldkeri (1) 7200 kr.
Fulltrúar 1. stigs (7) 6600 kr.
Fulltrúar 2. stigs (4) 5400 kr.
Ritarar 1. stigs (3) 4800 kr.
Ritarar 2. stigs (4) 4200 kr.

Vélritarar (5) 1800—2400 kr.
Húsvörður 4200 kr.
Útibússtjórar (4) 7500 kr.
Bókarar (4) og gjaldkerar (3) útibúanna 4800 kr.

94. gr.

Starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hafa að árslaunum:
Aðalbankastjóri (1) 12000 kr.
Bankastjórar (2) 2500 kr.
Bókari (1) 7200 kr.
Gjaldkeri (1) 6600 kr.
Ritarar (3) 4800 kr. og vélritarar (2) 1800—2400 kr.
Útibússtjóri á Akureyri (1) 6000 kr. og gjaldkeri þar (1) 3000 kr.
Húsagerðarmeistari Byggingar- og landnámssjóðs (1) 6600 kr. og teiknari (1) 4800 kr.

95. gr.

Vélritarar hafa að árslaunum 1800—2400 kr. eftir leikni við starfið, og skulu þeir komnir i hámarkslaun eftir 4 ára starf. Vélriturum, sem vinna að hraðritun, skal greiða 2400—3000 kr. eftir leikni við starfið.

## XIV. KAFLI

### Ákvæði um stundarsakir.

96. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu niður falla allar persónulegar launabætur, aukalaun og húsaleigustyrkir, sem áður hafa verið greiddir starfsmönnum þeim, er laun taka samkvæmt lögum þessum, einnig aukatekjur tollstjóra og lögmanns í Reykjavík, svo og sýslumanna um leið og ný skipun lögsagnarumdæma kemur til framkvæmda.

97. gr.

Niður skulu falla sérstakar greiðslur þær, er áður hafa fallið starfsmönnum Stjórnarráðsins eða öðrum starfsmönnum ríkisins fyrir vörzlu opinberra sjóða, vegna lána til prestssetra, fyrir stjórn landhelgismála, fyrir umsjón með landsverzlun, fyrir ritstjórn stjórnartíðinda, fyrir ritstjórn, reikningshald og afgreiðslu lögbirtingablaðs, fyrir meðferð einkaréttarmála, fyrir meðferð fátækramála, fyrir reikningshald berklavarna, fyrir umsjón með skjalasafni Stjórnarráðsins, fyrir gjaldkerastörf í Stjórnarráði, fyrir skrásetning vörumerkja og störf í þágu Bjargráðasjóðs Íslands. Skal á ráðherrafundi ákveðið hverri stjórnardeild skuli falið hvert þessara starfa, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, eða hvort ríkisbókhaldi og skrifstofu ríkisféhirðis skuli þau að einhverju leyti falin og þá án sérstakrar þóknunar til einstakra starfsmanna, nema ekki verði komizt hjá yfirvinnu, og greiðist hún þá samkvæmt 36. gr.

Aðalendurskoðandi ríkisins skal endurskoða reikninga Búnaðarfélags Ís-

lands, Tryggingarstofnunar ríkisins og einkasölu ríkisins, svo og vera prófdómari löggiltra endurskoðenda án sérstakrar þóknunar.

Eftirlitsmaður með starfsmannahaldi ríkisins skal hafa á hendi gæzlu slysatrygginga án sérstakrar þóknunar.

Fulltrúi í utanríkismálum skal vera ritari utanríkismálanefndar og annast þýðingar og önnur störf fyrir ráðherra þann, er fer með utanríkismál, án sérstakrar þóknunar, nema um yfirvinnu sé að ræða, og greiðist þá fyrir hana samkv. 36. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast reikningshald lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (embættismanna) án sérstakrar þóknunar til starfsmanna.

Laun ritara Hæstaréttar sem fulltrúa í Stjórnarráðinu skulu niður falla.

98. gr.

Fulltrúi á skrifstofu Alþingis skal annast afgreiðslu Alþingistíðinda án sérstakrar þóknunar.

Ríkisbókhaldið annast fjárreiður Arnarhvols án sérstakrar þóknunar til starfsmanna.

Skipaskoðunarstjóri skal annast eftirlit með skipastóli ríkisins án sérstakrar þóknunar.

Fangavörður í Reykjavík skal hafa eftirlit með gæzluföngum og vera sendimaður Hæstaréttar án sérstakrar þóknunar.

Landlæknir skal hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum og vera formaður í stjórn Landspítalans án sérstakrar þóknunar.

Sérstök greiðsla umfram laun frá Vífilsstaðahæli til yfirlæknis þar (1200 kr.) skal niður falla.

Sérstök þóknun til biskups fyrir reikningshald og embættiskostnað skal falla niðnr, en skrifstofa hans annast reikningshaldið fyrir það fé, sem hún fær.

Háskólaritari skal annast reikningshald rannsóknarstofu Háskólans án sérstakar þóknunar.

Forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins skal annast efnarannsóknir fyrir síldarverksmiðjur ríkisins án sérstakrar þóknunar, en verksmiðjurnar greiði ferðakostnað hans og dvalarkostnað utan Reykjavíkur.

Risna skólastjóra menntaskólanna skal falla niður.

Skólastjóri stýrimannaskólans skal annast jarðskjálftamælingar án sérstakrar þóknunar.

Vegamálastjóri skal hafa eftirlit með brunamálum, með verksmiðjum og vélum og vera ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálnm án sérstakrar þóknunar.

Sérstök þóknun til hafnfræðings fyrir skrifstofustörf hjá vitamálastjóra (3500 kr.) skal falla niður, nema þegar yfirvinnu er þörf, og greiðist þá fyrir hana samkv. 36. gr.

Sérstök greiðsla til landsímastjóra fyrir símaverkfræðingsstörf skal falla niður, svo og öll aukalaun hans.

Talningarfé ritsímastjórans í Reykjavík skal falla niður.

Loftskeytastöðvarstjóri landsímans skal hafa eftirlit með loftskeytatækjum á skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Stöðvarstjórarnir á Vatnsenda og Gufunesi skulu annast ræstingu á þessum stöðvum án sérstaks endurgjalds.

Þóknun fyrir sölu á frímerkjum til starfsmanna á pósthúsum skal niður falla.

Sérstök þóknun til útvarpsstjóra fyrir eftirlit með viðtækjaverzlun ríkisins skal falla niður.

Sérstök þóknun til búnaðarmálastjóra fyrir fóðurtilraunir skal falla niður.

Aðalbankastjóri Búnaðarbankans skal annast stjórnarstörf Kreppulánasjóðs án sérstakra launa.

99. gr.

Gengisnefnd skal leggjast niður.

Eftirlit með bátum og eftirlit með vélum skal leggjast niður.

Húsameistari ríkisins skal vera formaður skipulagsnefndar endurgjaldslaust, en ríkisstjórnin skipar hina nefndarmennina tvo og skal þóknun þeirra vera 500 kr. á ári.

Meðan skattstjóri fær sérstaka þóknun frá Reykjavíkurbæ fyrir störf sín í niðurjöfnunarnefnd, skal draga jafnháa upphæð henni frá launum hans frá ríkinu, þannig, að öll laun hans fyrir skattstjórn og niðurjöfnun verði 7200 kr.

Núverandi prófessor í heimspeki við Háskólann skal halda því starfi til 65 ára aldurs, og skulu laun hans vera 7200 kr., en er hann lætur af starfi, skal það lagt niður.

Meðan skólastjóri bændaskólans á Hvanneyri hefir jörðina Hvanneyri og skólabúið á leigu, skulu laun hans vera samkvæmt lögum nr. 71 28. nóv. 1919.

Þorvarður Þorvarðsson bókari í Gutenberg skal halda starfi sínu með óbreyttum launum til 65 ára aldurs.

Yfirlæknar á Nýja og Gamla Kleppi halda núverandi launakjörum, unz sameiningin fer fram.

Meðan Einar E. Sæmundsen er skógvörður á Suður- og Vesturlandi heldur hann núverandi launakjörum, en er hann lætur af starfi, skal skógræktarstjóri taka skógvörzlu hans án sérstakrar þóknunar.

Núverandi formaður bankaráðs og aðrir bankaráðsmenn Landsbankans skulu halda núverandi launum sínum, þar til kjörtímabil þeirra er útrunnið. Sama gildir og um bankaráð Útvegsbankans. Ennfremur halda núverandi bankastjórar Landsbankans og Búnaðarbankans lögboðnum föstum launum, nema öðruvísi semjist.

100. gr.

Launaákvæði 70. gr. um sýslumenn ganga í gildi jafnóðum og ný skipun lögsagnarumdæma kemur til framkvæmda. Þangað til hafa sýslumenn laun samkvæmt lögum nr. 71 28. nóv. 1919.

101. gr.

Ákvæði 76. gr. um laun presta ganga í gildi jafnóðum og ný prestakallaskipun kemur til framkvæmda. Þangað til skulu laun presta vera 25% hærri en samkvæmt lögum nr. 71 28. nóv. 1919, en öll hlunnindi um embættiskostnað, erfiðleikauppbætur og ódýrt húsnæði falli niður.

102. gr.

Ákvæði 80. gr. um laun barnakennara ganga í gildi jafnóðum sem sú skipun, sem nefndin byggir tillögur sínar á, að hvert skólahérað nái yfir minnst heila sýslu, bekkjarkennsla komi í stað fagkennslu og hver kennari kenni minnst 40 börnum, kemur til framkvæmda. Þangað til skulu laun barnakennara vera 25% hærri en samkvæmt lögum nr. 75 28. nóv. 1919.

103. gr.

Ákvæði 41.—44. gr., um framfærslusjóð, koma til framkvæmda jafnóðum og starfsmenn koma undir launaákvæði 63.—95. greinar þessara laga. Þó skulu starfsmenn, sem laun taka samkvæmt eldri lögum og yngri eru en 35 ára gamlir, eiga kost á að gangast undir ákvæði 41.—44. gr., og færast laun þeirra þá um leið í hámark. Skulu þeir hafa tilkynnt Stjórnarráði innan árs frá gildistöku þessara laga, hvort þeir sæta þessum kosti, ella hafa þeir tapað þessum réttindum.

## XV. KAFLI

### Niðurlagsákvæði.

104. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi eftirfarandi lög, lagafyrirmæli og lagagreinar, að öðru en því, sem fram er tekið í lögum þessum.

Konungsbréf frá 8. apríl 1844 um íslenzkukunnáttu.

Konungsúrskurður 27. maí 1857 um íslenzkukunnáttu.

Konungsúrskurður 8. febr. 1863 um próf í íslenzku.

Lög nr. 71 28. nóv. 1919 um laun embættismanna.

Opið bréf 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög um ávísanir embættislauna.

Tilskipun 31. maí 1855 um eftirlaun.

Lög nr. 4 4. marz 1904 um eftirlaun.

Lög nr. 5 4. marz 1904 um skyldu embættismanna að kaupa sér geymdan lífeyri.

Opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.

Lög nr. 28 20. okt. 1905 um viðauka við opið bréf 31. maí 1855.

Lög nr. 51 27. júní 1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Lög nr. 15 7. maí 1928 um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Lög nr. 47 16. nóv. 1907 um laun prófasta.

Lög nr. 4 27. febr. 1880 um eftirlaun presta.

Lög nr. 48 16. nóv. 1907 um ellistyrk presta og eftirlaun.

Lög nr. 49 16. nóv. 1907 um skyldu presta að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Lög nr. 13 3. okt. 1884 um eftirlaun prestsekkna.

Lög nr. 63 8. sept. 1931 um hýsing prestssetra.

Lög nr. 17 7. júlí 1931 um bókasöfn prestakalla.
3. gr. laga nr. 35 19. maí 1930 um fræðslumálastjórn.
9.—15. gr. laga nr. 75 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra.
Lög nr. 33 27. júní 1921 um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.
6. og 7. gr. laga nr. 15 15. júní 1926 um veðurstofu.
Launaákvæði laga nr. 40 14. júní 1929 um stjórn póstmála og símamála.
Launaákvæði laga nr. 65 7. maí 1928 um samstjórn tryggingastofnana landsins.
Launaákvæði laga nr. 46 8. sept. 1931 um fiskimat.
Launaákvæði laga nr. 67 7. maí 1928 um dómsmálastarfa, lögreglustjórn og gjaldheimtu o. fl. í Rvík.
Launaákvæði laga nr. 48 20. júní 1923 um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.
Ákvæði um laun og eftirlaun í lögum nr. 10 15. apríl 1928 um Landsbanka Íslands.
Ákvæði um laun og eftirlaun í lögum nr. 31 14. júní 1929 um Búnaðarbanka Íslands.
Ákvæði um laun núverandi landsímastjóra í lögum nr. 8 9. jan. 1934, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.
Launaákvæði laga nr. 7 9. jan. 1935 um fiskimatsstjóra.
Ennfremur öll þau önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

105. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.